

Álfhólsskóli

Skólaráðsfundur

FUNDARGERÐ		Tílefni fundar	
		Skólaráð	
Dags. fundar	Tími	Staður	Nr. fundar
5. október 2017	(08:10 – 9:30)	Skólastjórnaskrifstofa, Hjalla	1
Fundarboðandi	Fundarritari	Fundarstjóri	Fj. bls.
Sigrún B.	Hildigunnur	Sigrún B.	2
Boðaðir voru:			
Sigrún Bjarnadóttir, Júlíus Þór Sigurjónsson, Hildigunnur Jónsdóttir, Ágústa Magnea Jónsdóttir, Helga Fanney Þorbjarnardóttir, Karen Ýr Sigurbjörnsdóttir, Dagmar Vala Hjörleifsdóttir, Guðgeir Ingi Steindórsson, Guðmundur Jónsson, Halla Valgeirsdóttir, Elísabet Stefánsdóttir.			
Mættir voru:			
Sigrún Bjarnadóttir, Júlíus Þór Sigurjónsson, Hildigunnur Jónsdóttir, Ágústa Magnea Jónsdóttir, Helga Fanney Þorbjarnardóttir, Karen Ýr Sigurbjörnsdóttir, Dagmar Vala Hjörleifsdóttir, Guðgeir Ingi Steindórsson, Guðmundur Jónsson, Halla Valgeirsdóttir, Elísabet Stefánsdóttir.			
Málefni			
Dagskrá:			
1. Reglugerð um skólaráð			
2. Starfsáætlun Álfhólsskóla			
3. Skólabyrjun			
4. Önnur mál			
a. Dægradvöl			

Málefni	Niðurstaða
1. Reglugerð um skólaráð	Sigrún kynnir hvert hlutverk skólaráðsins er og fer yfir reglugerð um skólaráð.
2. Starfsáætlun Álfhólsskóla	<p>Farið er yfir starfsáætlun sem stýrir starfi skólans. Fenginn var frestur til að lesa betur yfir hana fyrir undirskrift. Helstu breytingar á starfsáætlun eru viðbót í viðbrögð við vá, varðandi jarðskjálfta og veikindafaraldur (sbr. Svínaflensa). Einnig eru breytingar í sambandi við mat á skólastarfi í starfsáætlun.</p> <p>Innleiðing nýrrar námskrár er komin vel á veg núna.</p> <p>Skólinn er duglegur að sækja um styrki og hefur fengið úthlutanir í ýmiss verkefni. Nú fengum við styrk til að vinna meira með sjálfsmýnd nemanda. Við fengum þrjár milljónir í styrk til þriggja ára fyrir forritun sem snýr að læsi. Verkefnið er hugsað sem þróunarverkefni í móðurmálinu og læsi þar sem áhersla verður á forritun og rökhugsun. Frá Erasmus fengum við 18 þúsund evrur í styrk í samstarfsverkefni gegn neteinelti. Álfhólsskóli mun taka þátt í Erasmus-plus verkefninu ásamt skólum frá Spáni, Tyrklandi, Grikklandi, Póllandi og Rúmeníu sem hefur yfirumsjón með verkefninu. Viðfangsefni verkefnisins er að taka á auknu einelti</p>

Álfhólsskóli

	<p>og mismunun innan skólanna og deila hugmyndum um hvernig eigi að bregðast við og fyrirbyggja. Rafrænt einelti sem fer fram á samfélagsmiðlum er vaxandi vandamál innan skólanna.</p> <p>Nýtt kerfi er að koma inn í spjaldtölvurnar hjá fimmta bekk. Þetta kerfi gefur möguleika á meiri stýringu, kennari getur fylgst með hvað er að gerast í spjaldtölvum nemanda á kennslutíma.</p> <p>Það er áframhaldandi áætlun með grænfánaverkefnið og heilsuefandi grunnskóli. Kópavogsbær er að setja sér stefnu varðandi heilsuefandi samfélag, við einblínum á mótuneyti og hreyfingu. Samkvæmt Skólapúlsinum eru nemendur okkar hreyfa sig minna en börn almennt á landsvísu.</p> <p>Mikil þróun er í kennsluháttum innan skólans. Við höfum verið með hlutfallslega aðeins meiri list- og verkgreinakennslu á yngsta stigi, yfir viðmiði, en höfum þurft að auka á efsta stigi. Nemendur á fundi tala um óánægju nemenda við að hafa ekki meira val í list- og verkgreinum og þurfa að fara í allar greinarnar. Miðað við aðalnámskrá var það talið nauðsynlegt en þetta væri gott að kanna nánar.</p> <p>Rætt var um þörf á kennslu fingrasetningar og markvissari kennslu á Word og Excel. Ákveða þyrfti í hvaða fögum ætti að festa þessa kennslu.</p> <p>Ákveðið hefur verið að festa kynningu í sessi fyrir foreldra í 1., 5., og 8.bekk.</p>
3. Skólabyrjun	<p>Skólaárið 2017/2018 hefur byrjað mjög vel. Nemendur í skólaráði eru sáttir við skólabyrjun. Skólastjóri hefur upplifað gleði og ánægju. Krakkarnir óska eftir að fá netpóst sem varðar skólann sendan beint til sín en ekki eingöngu á foreldra. Nemendur tóku að sér að safna netföngum 10. bekkjar og Júlíus mun síðan færa þau í kerfið.</p>
3. Önnur mál	<p>Dægradvöl, foreldrar hafa lýst yfir áhyggjum og þykir ýmislegt ábótavant varðandi skipulagið. Staðan er sú að mikil undirmönnun var í dægradvöl á ákveðnum tíma. Skólastjóri mun ræða við forstöðumann varðandi áhyggjur foreldra og koma skilaboðum á framfæri um að senda tilkynningu á foreldra varðandi mikla undirmönnun, þannig foreldrar geti þá valið að sækja barnið sitt ef þeir hafa kost á því.</p>